

NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðuráls

10. tbl. 5. október 2012. Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Ingi R. Ingason o.fl.




Milljarða framkvæmdir í farvatninu - Innspýting í íslenskt atvinnulíf

Verkefni fyrir á annan tug milljarða eru teikniborðinu hjá Norðuráli á Grundartanga. Markmiðið er að auka framleiðni, bæta rekstraröryggi, og auka framleiðslu um allt að 50 þúsund tonn af áli á ári.

Allt frá því Norðurál lauk við byggingu seinni kerlínunnar á Grundartanga hefur framleiðslan aukist hægt og bitandi. Þannig hefur framleiðslan aukist frá 260 þúsund tonnum, sem er skráð framleiðslugeta álversins á Grundartanga, í 284 þúsund tonn á ársgrundvelli. Þessi góði árangur hefur náðst án mikillar viðbótar fjárfestingar; straumur hefur verið hækkaður, skaut stækkuð og framleiðni aukin. Fyrirhugaðar framkvæmdir, sem auka framleiðslugetu um 30 til 50 þúsund tonn á ári að því gefnu að tilskilin leyfi fáiast, hafa að markmiði að auka samkeppnishæfni

til lengri tíma. Stærstu verkþættir eru stækkun aðveitustöðvar og umfangsmikil endurnýjun í skautsmiðju auk notkun stærri rafskauta. „Heildar fjárfestingin hér á landi verður yfir 10 milljarða íslenskra króna, auk móðurfélags Norðuráls í rafskautaverksmiðju, þannig að þetta er risavaxið verkefni sem tekur 5 ár að ljúka,“ segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Fyrsti þáttur verkefnisins er stækkun aðveitustöðvar álversins. Fimmtu afriðlaeiningunni verður bætt við ásamt undirspennvörn. Undirbúningur þessara framkvæmda er nú í fullum gangi vestan við aðveitustöðina. Búnaður hefur verið pantaður og kemur til landsins næsta vor. „Við reiknum með að kostnaður við þennan þátt verði um 3 milljarðar íslenskra króna og reiknað er með að alla jafna muni um



100 manns vinna við þessar framkvæmdir þannig að þetta er mjög góð innspýting í íslenskan vinnumarkað.

Nýja afriðlaeiningin mun auka verulega á stöðugleika í rekstri Norðuráls, þar sem nýtt kerfi verður enn betur varið fyrir spennusveiflum í flutningskerfi Landsnets. Jafnframt því að bæta núverandi rekstur gefur hún einnig möguleika á að auka rafstraum til álversins og eykur sveigjanleika í viðhaldi.

Samhliða þessu verkefni er vinna við að afla tilskilinna leyfa að hefjast, en starfsleyfi álversins á Grundartanga er miðað við 300 þúsund tonna ársframleiðslu.

Við hlökkum mikið til að fara í þessi



Rafskauta- verksmiðja í Hollandi

Kaup Century Aluminum á rafskautaverksmiðju í Vlissingen í Hollandi eru gerð í tengslum við breytingarnar á Grundartanga en þau tryggja jafnframt langtímahagsmuni starfseminnar á Íslandi með beinum aðgangi að rafskautaframleiðslu. Verksmiðjan mun framleiða rafskaut fyrir Grundartanga og Helguvík. Verið að undirbúa breytingar á verksmiðjunni til að hún geti sinnt þessu hlutverki og uppfæra mengunarvarnir og vinnuferla að kröfum Norðuráls. Reiknað er með að fyrstu rafskautin frá Vlissingen komi til Grundartanga næsta sumar.

Aðveitustöðin -

Jarðvegsframkvæmdir eru hafnar en verklok eru áætluð í nóvember 2013

Sigurður Arnar Sigurðsson, verkefnastjóri fjárfestingaverkefna hjá Norðuráli, segir það verða krefjandi að ná þessu umfangsmikla verki á svo skömmum tíma. „Öryggi starfsmanna og umhverfismál eru í forgangi hjá Norðuráli og til að stuðla að góðum og öruggum framgangi



verksins höfum við ráðið verkefnisstjóra frá Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar ehf, Pétur Örn Magnússon, og öryggisfulltrúa frá Verkfræðistofunni Eflu hf. Sigurjón Svavarsson, sem mun sjá um samræmingu öryggismála. HRV hannar allt burðarþol í verkinu og Magnús H. Ólafsson hjá

Markstofunni ehf. er arkitekt bygginganna, segir Sigurður Arnar.

Þá hefur verið samið við Bjarmar ehf. um að annast alla jarðvinnu í verkinu ásamt því að samið hefur verið við ABB Group um að framleiða, hanna og setja upp allan rafbúnað. Orkuvirki verður þeirra undirverktaki við uppsetningu. „Við erum í startholunum,“ segir Sigurður Arnar. „Búið er að girða framkvæmdasvæðið af og byrjað á jarðvinnu þar sem færa þarf til háspennukapla áður en byggingarverktaki kemur á staðinn.“

Byggingarhlutinn er í hönnunar- og samningaferli, en heildarstækkun mannvirkja

vegna framkvæmdanna er 1600 m².

Þessi framkvæmd mun veita mörgum íslenskum iðnaðar- og tæknimönnum vinnu sem er ekki vanþörf á. Fyrir liggja fleiri stór verkefni hjá Norðuráli og því ljóst að við leggjum okkar að mörkum til að viðhalda atvinnu í landinu.“

verkefni og auka enn frekar umsvifin hér á Grundartanga,” segir Ragnar. „Við störfum á alþjóðlegum markaði og samkeppnin verður stöðugt harðari. Þetta verkefni mun hjálpa okkur við að tryggja samkeppnisfærni okkar. Hér starfar frábært starfsfólk og árangurinn í rekstri, í umhverfismálum og í öryggismálum er á heimsmeilkværða. Það eina sem veldur okkur áhyggjum eru endurtekin áform ríkisstjórnarinnar um aukna skattlagningu þrátt fyrir lofoð og samninga um annað. Við gerðum samkomulag við ríkisstjórnina árið 2009 um að greiða tímabundinn auka skatt og fyrirframgreiða skatta til að bæta stöðu

ríkisins á erfiðum tímum. Samanlagt eru þetta yfir 2 milljarðar sem þetta eina fyrirtæki hefur greitt aukalega. Nú boðar ríkið í fjárlögum að það ætli að svíkja þetta samkomulag og halda þessari skattheimtu áfram þrátt fyrir að hafa undirritað skýrt samkomulag um að henni lyki á þessu ári. Það er ekki auðvelt að fá erlent fjármagn til fjárfestinga á Íslandi ef þetta eru efnidir stjórnvalda. Við treystum á nýjan fjármálaráðherra sem skrifaði sjálf undir samkomulagið á sínum tíma og trúum ekki öðru en að ríkisstjórnin standi við gerða samninga. Þá mun allt fara á fullt á næstu mánuðum og misserum.“

Stefnt á framleiðslu í Helguvík 2015

Frá því í sumar hafa framkvæmdir í Helguvík verið umfangsmeiri en síðustu misseri. Lagðar voru um 250 milljónir króna í að klæða byggingarnar í Helguvík fyrir veturinn, sem er til marks um að menn sjái fyrir endann á löngu ferli við að undirbúning fyrstu áfanga álversins. „Viðræður við HS Orku eru á lokametrunum og takist að ljúka þeim bráðlega ættu framkvæmdir að geta hafist næsta vor“ segir Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls. Gangi allt að óskum gæti framleiðsla hafist í Helguvík vorið 2015.



„Það þarf að hnýta alla lausa enda og meðal annars þarf að tryggja það að uppbygging raflína gangi eftir. Nauðsynlegt er að styrkja raforkuflutningskerfi á Suðurnesjum óháð því hvort Helguvík fer í gang eða ekki. Það hefur hins vegar gengið hægt að klára það verkefni,“ segir Ragnar enn fremur. Þar til gengið verður endanlega frá samningum við orkufyrirtækin mun kostnaði í Helguvík hins vegar verða haldið í lágmarki.



Helstu stjórnendur Century Aluminum og fylgdarlið tilbúin í vettvangsferð, eftir að hafa fengið hlífðarfatnað og fyrirlestur um öryggismál hjá Öryggiseildinni.



Á síðasta ári námu útflutningstekjur af áli um 233 milljörðum króna sem svaraði til 25% heildarútflutningsverðmæta þjóðarinnar. Frá árinu 1969 hefur hlutur áls í vöruútflutningi tæplega fimmfaldað og árið 2008 var hlutur áls meiri en hlutur sjávarútvegs í fyrsta sinn. Fjöldi starfsmanna á starfssvæðum álvera á Íslandi um 2000 talsins. Með afleiddum störfum skapar áliðnaður um 5000 störf hér á landi.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Í september, í viku 35, fór öryggisvísitalan í fyrsta sinn í núll eftir að við fórum að birta öryggisvísitöluna í október 2009. Það er full ástæða til að staldra aðeins við og óska hvert öðru til hamingju með þennan framúrskarandi árangur. Öryggisvísitalan er mælikvarði sem mælir þá þætti sem við teljum að hafi áhrif á árangur okkar í öryggismálum og hversu vel reglum er fylgt.

Rekstur framleiðsludeilda gengur mjög vel og við fórum fram út áætlanum í september. Aðrir mælikvarðar sýna flestir afar jákvæða þróun. Einfaldur, en góður mælikvarði á rekstur framleiðsludeilda er húshald. Það er stöðugt

verið að vinna að skipulagi tækja og verkfæra með svo kölluðu 5S skipulagi og höfum við náð gríðarlega góðum árangri í því. Gott og vel skipulagt húshald styður svo okkar mikilvægasta mælikvarða, en það er árangur í öryggismálum.

Þann 11. september sl. var haldinn á Grundartanga stjórnarfundur í móðurfélagi Norðuráls, Century Aluminum Co. Stjórnarmenn heimsóttu verksmiðju Norðuráls ásamt fleiri gestum á vegum fyrirtækisins. Erindi þeirra var ekki eingöngu að halda sinn reglulega stjórnarfund heldur líka að skoða vinnustaðinn okkar, kynnast starfsandanum og fræðast um hvað hér fer fram. Ég vil ítreka áðursendar

þakkir til starfsmanna sem gerðu daginn eftirminnilegan fyrir gesti okkar þar sem verksmiðjan öll sýndi sínar bestu hliðar. Þá var eftir því tekið hversu vel verksmiðjan leit út og hve vel okkur hefur tekist í skipulagningu húshaldsmála og umhirðu tækja og búnaðar. Það má því segja að september hafi verið okkur farsæll. En við skulum ekki gleyma því að árangur næst ekki af sjálfu sér. Með því að hjálpa hvert öðru við að taka ábyrgð á eigin öryggi gerum við Norðurál að öruggari vinnustað. Þá staðreynd er gott að hafa að leiðarljósi, nú þegar haustið gengur í garð og daginn tekur að stytta.

Gunnar Guðlaugsson

Árshátíð Norðurláls 2012



Ragnar Guðmundsson



Aðalheiður Skarphéðinsdóttir og Björn Andrésson



Sigríður Lára Guðbjartsdóttir og Berglind Magnúsdóttir



Karl Svanhólm Þórisson og Vifill Atlason



Frá vinstri; Kristbjörn Magnússon, Páll H. Sigvaldason, Björn Guðmundsson, Skúlina Guðmundsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir og Sigríður Matthíasdóttir



Anna Eiríksdóttir, Ómar Jóhannesson, Sverrir Þór Guðmundsson, Guðrún Fanney Pétursdóttir, Elisabet Ósp Pálsdóttir, Hafþór Magnússon, Steinunn Björg Gunnarsdóttir



Hallgrímur Ólafsson



Einar F Björnsson og Kristbjörn Helgi Björnsson



Ragna Hannesdóttir, Ólöf Bjarney Hauksdóttir, Stefania Sigurðardóttir



Pétur Þór Brynjarsson og Krístrún Sigurbjörnsdóttir



Guðmundur Karlsson og Pétur Þór Brynjarsson



Búi Vífilsson, Einar Hannesson, Sigríður Rafnsdóttir og Jenný Sigurðardóttir



Sigrún S Gísladóttir, Arnar Baldvinsson, Rúna Björk Gísladóttir og Örn Guðjónsson



Silvesterr Vasilevski og Aleksandra Janiszewska



Adam Gorajewski og Joanna Gorajewska



Hundur í óskilum, Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson.



Höfnin

Það eru um það bil 150 skip á ári sem leggjast að höfninni í Grundartanga vegna Norðuráls. Tæp 600 þúsund tonn af súráli koma sjóleiðina sem og rafskautin. Tvö skip fara svo út í viku hverri með um 5500 tonn af áli og skautleyfum sem sendar eru út til endurvinnslu.

Það er sama í hvaða tölur er rýnt sem snerta höfnina, þær eru allar stórar. Undantekningin er fjöldi starfsmanna en þeir eru aðeins tveir, Kjartan Ólafsson og Hallgrímur Guðsteinsson. Deildin heyrir svo undir Pál Ólason, deildarstjóra Steypuskála.

Fyrir utan venjulegan dagvinnutíma hafa viðhaldsmenn á vöktum umsjón með búnaðinum.

Þeir Kjartan og Hallgrímur harðneita því að það sé einmanalegt að vera bara tveir á öllu þessu flæmi: „Það er ekki einmanalegt ef félagsskapurinn er góður,“ segir Kjartan. „Við förum nú líka upp á svæði og fáum heimsóknir af og til,“ bætir hann við. Hallgrímur hóf störf við Höfnina fyrir ári en Kjartan hefur verið þar í tvö ár. Starf þeirra felst í viðhaldi en frá því skip leggst að bryggju með súráli í lestinni og þar til súrálið er komið í framleiðsluferlið má segja að mannhöndin komi hvergi nærri. Á hafnarkrananum er sogrör sem fer ofan í lestina og sýgur súrálið upp. Verktakar frá Skagaverki stjórna krananum. Afköstin á honum eru um 600 tonn á klukkustund. Súrálið fer í rörum í annað hvort sílóanna,

þaðan sem það fer upp á minna sogsíló og þá er því fleytt ofan í sendikúta sem sjá um að senda súrálið upp í verksmiðju. Þetta er s.s. lokað kerfi þar sem gætt er að allri meðhöndlun.

Það sem fer frá okkur um höfnina á viku hverri eru 200 gámar af áli og um 20 gámar frá skautsmiðjunni. Það er Klafi sem sér um að flytja gámana að og frá höfninni en Eimskip sér um alla sjóflutninga.

Þeir Kjartan og Hallgrímur gefa sér svo tíma til að stilla sér upp fyrir myndatöku en eru svo roknir af stað til að ganga úr skugga um að allt sé eins og það á að vera á Höfninni, lífæð Norðuráls á Grundartanga.

-sól



Starfsmenn Hafnarinnar og félagarnir Hallgrímur Guðsteinsson og Kjartan Ólafsson

Nýir loftgæðamælar

Árið 2007 var innleidd stefna um inngöngu í lokuð rými. Í stefnunni er kveðið á um að áður en farið er inn í lokað rými þurfi að mæla loftgæðin og að sá sem fari inn í lokað rými þurfi að vera með loftgæðamælinn á sér allan tímann. Frá 2007 höfum við verið með mæla af gerðinni AltAir 4 frá MSE en skynjarar í loftgæðamælum hafa takmarkaðan líftíma. Líftími súrefnisskynjara er t.d. tvö til þrjú ár. Sá vankantur er á AltAir 4 að ekki er hægt að sjá stöðuna á súrefnisskynjaranum, einn daginn er hann í lagi en þann næsta er líftími hans búinn og loftgæðamælirinn er ónothæfur þar til varahlutur berst.

Um þessar mundir leigja stóriðjur á Íslandi svokallaða MX4 mæla af fyrirtækinu Industrial Scientific, sem eru þekktir fyrir áreiðanleika. MX4 mælarnir hafa sömu skynjara og gömlu AltAir 4 mælarnir. Þeir skynja súrefni, kolsýring, brennisteinsvetni og mæla eldfimi í andrúmslofti.

Það sem nýju mælarnir hafa fram yfir þá gömlu er að þeir eru minni, léttari og meðfærilegri. Kvörðunarstöð fyrir mælana er tengt við netþjón hjá Industrial Scientific og í hvert sinn sem loftgæðamælir er kvarðaður þá fer stöðin yfir alla skynjara í mælinum. Ef einhver þeirra er farinn að eldast/slappast þá eru þær upplýsingar sendar á netþjóninn hjá Industrial Scientific og fyrirtækið sendir nýjan mæli til okkar áður en sá gamli hættir að virka.



Mælarnir verða í umsjá Vilhjálms Sigurðssonar, sem ræður ríkjum á verkfæralager.

Um leið og kvörðunarstöðin núllstillir mælinn þá hleður hún niður upplýsingum um notkun hans, þ.e. hvort einhver skynjari hafi gefið frá sér viðvörðun, hvort slökkt hafi verið á mælinum í miðri viðvörðun o.s. frv. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar öryggisdeild. Nýju mælarnir verða staðsettir á verkfæralager og verða í umsjá Vilhjálms Sigurðssonar sem þar ræður ríkjum. Ætlunin er að kynna þessa nýju mæla fyrir öllum þeim. sem

inn í lokuð rými þurfa að fara, um leið og upprifjunarnámskeið um inngöngu í lokuð rými hefjast í haust. Vilhjálmur mun síðan verða starfsmönnum innan handar með notkun mælanna þegar þeir eru teknir út af lager.

Tekið skal fram að gömlu AltAir 4 mælarnir eru enn í fullkomnu lagi og verða notaðir þar til öllum hefur verið kennt á nýju mælana.

Hafsteinn Rúnar Gunnarsson

Aukið eftirlit með sætum í deigludráttarbílum

Í september var send inn öryggisáberending vegna sætanna í deigludráttarbílum. Í kjölfar áberendingarinnar voru þau öll yfirfarin og komið þannig fyrir í viðhaldstölvukerfinu að þegar þessir bílar eru teknir í viðhald þá skýst upp á skjáinn hjá starfsmönnum farartækjaverkstæðisins áminning að yfirfara sætin. Rétt er að koma því á framfæri að hægt er að stilla stíflleika sætanna eins og fram kemur í myndatextanum með þessari grein. Með því að hafa rétta stillingu miðað við líkamsþyngd þá er hægt að auka þægindi ökumanns.



Í deigludráttarbílunum er hægt að stilla stíflleika sætanna, en þá skal hafa í huga líkamsþyngd þess sem situr í sætinu eins og merkingin/ myndin sýnir.



Á toppnum.

Árni Stefánsson, framkvæmdastjóri Skautsmiðju og Steypuskála

„Ekki ofvirkur, bara vel virkur“

Árni hóf störf hjá Norðuráli fyrir um tveimur og hálfu ári. Hann er í grunninn rafvirki en bætti svo við sig rafíðnfræði og síðar verkfræði. Hann var hjá Slökkviliði Reykjavíkur í 6 ár og starfaði síðan sem ráðgjafi hjá KPMG. Þá tók orkugeirinn við, Landsvirkjun og svo Landsnet þar sem Árni starfaði í áratug. „Ég byrjaði með viðhaldsdeild raforkuflutningssviðs Landsvirkjunar en árið 2004 þegar Landsnet var stofnað varð ég deildarstjóri eignastýringar. Það var mjög skemmtilegt að koma að stofnun þess fyrirtækis, ráða starfsfólk, búa til ferla og innleiða ISO 9000 vottað gæðakerfi, ásamt því að stýra uppbyggingu á raforkuflutningsvirkjum fyrir stækkun Norðuráls á Grundartanga og álvers Alcoa á Reyðarfirði. Árið 2007 benti allt til að farið yrði í að byggja álver á Húsavík og annað á Reykjanesi (Suðvesturlínur). Þá var stofnuð framkvæmdadeild sem ég var fenginn til að stýra. Þetta var kraftmikið tímabil, ég var búinn að vera í 10 ár í uppbyggingarstarfi og við blasti stórt verkefni vegna nýrrar stóriðju sem ég taldi að myndi standa yfir í önnur 10 ár. Mér fannst 20 ár vera helst til langur tími í

sama starfi og ákvað að söðla um og breyta til,” segir Árni. „Ég hef alltaf talið mig vera opinn og sveigjanlegan, en það voru þó tölverð viðbrigði að skipta um vinnustað, meiri en ég átti von á,” segir Árni og brosir. „Hjá Landsneti hafði ég ráðið inn mitt starfsfólk og komið að uppbyggingu fyrirtækisins, en hér þurfti ég að aðlagast og læra inn á fólk og fyrirtæki. Það er langt síðan ég hef þurft að vinna svona mikið fyrir kaupinu mínu eins og þegar ég var að koma mér inn í nýja starfið,” segir Árni og skellir upp úr.

Lífið er ekki bara vinna!

Sambýliskona Árna er Kristín Erla Einarsdóttir verkfræðingur og eiga þau fjögur börn sem eru um tvítugt, Kristín á tvö og Árni tvö. „Ég hef alltaf haft nóg að gera og stundum helst til mikið. Ég hef lært að nýta frítímann vel og eyði ekki löngum stundum uppi á sófa með tærnar upp í loft. Á sumrin keppi ég á torfærumótorhjólum í Íslandsmótinu í Enduro, sem mér finnst mjög skemmtilegt. Þetta krefst þess að ég haldi mér í góðu formi og ég æfi því mikið,

líkamsrækt og crossfitt og skíði á veturna en svo er hjólað á sumrin og stundum gengið á fjöll, en Kristín er mikil útivistarkona. Til viðbótar við hjólaæfingarnar, förum við félagarnir alltaf einu sinni á ári í nokkura daga mótorhjólafélagag um hálendið. Það eru stórkostlegar ferðir og maður nýtur gæða landsins til hins ýtrasta. Í þessum ferðum höfum við meðal annars farið á hjólunum yfir landið horn í horn eða frá Reykjanesvita á Suðvesturhorni landsins að Langanesvita á Drangnesi á Norðausturhorni landsins. Í sumar fórum við um Austfirðina, yfir Smjörfjöllin, Dyrfjöllin, frá Egilsstöðum í Borgarfjörð Eystri þar sem við enduðum á Bræðslunni.” Þegar blaðamaður spyr Árna hvort hann sé ofvirkur svarar hann: „Nei, bara vel virkur” .

Spennandi tímar framundan

Talið berst aftur að vinnunni og þeim verkefnum sem bíða.

„Norðurál leitar stöðugt að tækifærum til að gera hlutina betur og ég er verulega ánægður með það viðhorf. Það skiptir mig miklu máli að



Vetrarsportið.



Sumarsportið.



Með hjálm í vinnu og utan.



Bílasportið



Aftur á toppnum.



Hjólin.

fólkinu sem vinnur hjá mér líði vel og skili sér heilt heim frá vinnu. Frá því ég hóf störf sem framkvæmdastjóri Skautsmiðju og Steypuskála hafa verið unnin fjöldamörg verkefni einmitt til þess að ná því markmiði enn betur. Í Steypuskála má nefna nýja starfsmannaaðstöðu, aukið afsog og þar með breytingu á loftskiptum ásamt breytingu á steypulínu eitt. Í Skautsmiðju hefur afsog og vinnuaðstaða einnig verið bætt til muna. Þar er svo að fara í gang stórt verkefni, en búið er að semja um endurnýjun alls búnaðar í skautleifahluta Skautsmiðjunnar. Kostnaðaráætlun þessa verkefnis hljóðar upp á tæpan einn og hálfan milljarð og verður mikil breyting til batnaðar fyrir starfsfólkið. Búnaðurinn á þessu svæði er orðinn gamall og lúinn, og krefst oft og tíðum inngrips starfsmanna. Þetta verður mjög krefjandi

verkefni þar sem ekki er unnt að stöðva skautsmiðjuna nema í um það bil tvo daga í senn og ég hef því líkt þessu við að skipta um dekk á bíl á ferð. Að sjálfsögðu verða þó öryggismálin höfð að leiðarljósi við þetta verkefni eins og önnur verkefni hjá Norðuráli," segir Árni og bætir því við að hann sé stoltur af framlagi Norðuráls til samfélagsins. „Þetta er gott fyrirtæki með flott starfsfólk. Þetta er stærsti vinnustaðurinn á Vesturlandi og hefur því mikla samfélagslega ábyrgð, ábyrgð sem mér finnst Norðurál standa vel undir. Fyrirtækið gæti verið duglegra við auglýsa hversu vel það stendur sig í þessum málaflokki en hefur valið að gera það ekki, sem er kannski bara svolítið smart," segir framkvæmdastjóri Skautsmiðju og Steypuskála áður en hann rýkur aftur til vinnu.

-sól

Spurning dagsins

Ætlar þú að taka slátur?

Öruggt atferli

Þann 13. september sl. funduðu fulltrúar stýrihóps Öruggs atferlis ásamt stuðningsfulltrúum ferlisins að Hótel Glym. Þar fóru fram gagnlegar og gagnrýnar umræður um stöðuna og hvað gera þyrfti til að tryggja áframhaldandi framgang verkefnisins. Það var samdóma álit fundarmanna að þjálfari þyrfti alla millistjórnendur, þ.e. vaktstjóra, formenn verkstæðanna ásamt liðstjórum til að dýpka skilning þessara manna á Öruggu atferli. Þeirra þáttur er afar mikilvægur til að styðja við það og tryggja góðan árangur. Áætlað er að þessi hópur muni hljóta sína þjálfun í október. Nú eru liðnir tíu mánuðir síðan verkefni þetta hófst og samkvæmt hugmyndafræði Öruggs atferlis um að allir starfsmenn verði hluti af kjarnateymum í ákveðinn tíma þá verður hluta þeirra sem mynda kjarnateymi skipt út í haust og fyllt í skörðin með nýju fólki. Ákveðinn hluti fólksins í kjarnateymunum þarf að halda áfram til að tryggja að þekkingin og reynslan haldist innan hópanna. Nákvæm tímasetning námskeiðanna verður auglýst síðar og nánari tilhögun kynnt. Námskeiðin verða haldin að Hótel Glym þar sem þátttakendum er lofað góðum veitingum og skemmtilegum félagskap á meðan fróðleikurinn er innbyrtur. Þá var rætt um fyrirhugaða heimsókn



Kjarnateymi af D-vaktinni úr C + D efri fagna góðum árangri í Öruggu atferli. Talið frá vinstri, Davíð Harðarson, Gestur Fjelsted, Arna Guðmundsdóttir, Benjamín Fjelsted, Hólmar Hreggviðsson, Jóhann Sævar Jónsson, Ingi Rafn Svansson, Ívar Hauksson, Ingimundur Pétur Guðnason, sitjandi Sigurður Halldórsson og Erna Björk Kristinsdóttir

Beth Howard sem er ráðgjafi okkar frá Aubrey Daniels International og hvernig nýta skuli hennar heimsókn sem best. Hópnun leist best á að hún myndi hitta ákveðinn fjölda starfsmanna og segði þeim jákvæðar reynslusögur af Öruggu atferli frá öðrum fyrirtækjum og sýndi myndir og línurit til að sanna notagildi

atferlisins. Einnig að fara yfir hindranir sem hún hefur orðið vör við og hvernig hún hefur unnið bug á þeim. Mikinn áhuga og eldmód mátti finna í röðum fundarmanna og þeir voru staðráðnir í að tryggja Öruggu atferli áframhaldandi brautargengi.

Trausti Gylfason



Jón Gunnar Mýrdal, skautsmiðju

Nei, ég bara treysti mér ekki í það. Ég læt tengdó bjóða okkur í slátur reglulega.



Hjalti Reynir Ragnarsson, skautsmiðju

Nei. Ég borða slátur mjög oft en kaupi það bara tilbúið.



Björn Lúðvíksson, skautsmiðju

Ég hef oft tekið slátur en hætti því. Ætli ástæðan sé ekki tímaleysi.



Fanney Karlsdóttir, skautsmiðju

Ég stefni að því en hef ekki gert það í nokkur ár vegna leti.



Aldis Ósk Bøðvarsdóttir, skautsmiðju

Nei, ég fæ það sent tilbúið heiman frá, af Ströndunum.

Hver er?

Nafn: Sigurður Þorsteinn

Guðmundsson, trúnaðarmaður kerskála.

Starf: Rafgreinir í a og b kerskála.

Fæðingarstaður, -dagur:

Reykjavík, 21. desember 1986

Fjölskylduhagir: Konan mín heitir Fríður Ósk og ég á þrjú börn; Matthías Leó 5 ára, Kolbrúna Þóru 3 ára og Guðmund Bernharð.

Hvenær byrjaðir þú hjá

Norðuráli? Árið 2005.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Að vera með fjölskyldu og vinum

Aðaláhugamálið? Keila og Birmingham.

Uppáhalds matur? Léttsteiktar nautalundir.

Uppáhalds drykkur? Pepsi.

Ertu hjátrúafull/ur? Nei.

Hvaða persónu úr

mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Væri til í að fá mér einn viski með Mel Gibson.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Breaking bad.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Englar alheimsins eftir Einar Mhá Guðmundsson.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Ég hlusta á allt frá Lynard Skynard yfir í Kings of Leon

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Keila.

Lýstu þér í þremur orðum? Íslands eina von.

Fallegasti staður á Íslandi? Selárdalur.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Svalbarða.

Framtíðarplön? Eldast vel!



Skroppið til Straumsvíkur

Nemendur Stóriðjuskólans mættu frískir og endurnærðir eftir sumarfrí og hófu 2. önn á því að fara í skólaferðalag. Stefnan var sett á álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Leiðtogar fræðslu- og samskiptamála tóku á móti hópnum og byrjuðu á að bjóða til hádegisverðar. Að honum loknum fengu nemendur fyrirlestur og fræðslu um starfsemi álversins og öryggismál sem að sjálfsgöðu eru ofarlega á baugi hjá þeim. Þar kom m.a. fram að ISAL var fyrst íslenskra fyrirtækja til að innleiða öryggisstjórnun sem uppfyllir hinn alþjóðlega öryggisstaðal OHSAS 18001, en hann lýsir því hvaða kröfur eru gerðar á sviði öryggismála.

Stiklað var á stóru í sögu álversins, sem nær allt aftur til ársins 1966 þegar samningar um byggingu álvers á Íslandi voru undirritaðir. Það var svo við formlega athöfn í maí 1970 sem álverið var vígt.

Í upphafi var framleiðslugetan rúm 30.000 tonn á ári í 120 kerum, en með stöðugum viðbótum og endurbótum er afkastagetan nú um 190.000 tonn og kerin eru 480 í þremur kerskálum.

„Logaleyfi“

Að fyrirlesturum loknum var farið í gönguferð um svæðið og var m.a. kíkt inn í Smiðjuna, en hún er vettvangur fyrir þá starfsmenn álversins, sem af einhverjum orsökum, hafa skerta vinnugetu. Mæting er frjálst og verkefnið fjölbreytt. Starfsmenn þar sinna ýmsu léttu viðhaldi, s.s. reiðhjólaviðgerðum og þrifum á bílum. Þeir sjá einnig um útgáfu svokallaðra „logaleyfa“, sem allir þeir sem ætla að kveikja eld á svæðinu þurfa að fá, t.d. ef til stendur að kveikja upp í grillinu á björtum sumardögum.

Eftir þessa heimsókn var farið suður í Svartsengi,



Strákarnir klárir í skoðunarferðina hjá HS Orku. F.v.: Kristmundur, Jón Gunnar, Guðjón, Sigþór, Gunnar, Þróstur, Sindri og Sigurður.

þar sem HS Orka framleiðir bæði raf- og varmaorku í 6 orkuverum. Uppbygging þar hefur farið fram í áföngum, en fyrsta orkuverið var byggt á árunum 1977 til 1979 og það nýjasta 2006 til 2008. Framleiðslugetan í Svartsengi er um 150 MW í varmaorku og um 75 MW í raforku. Af allri þeirri raforku sem framleidd er í virkjunum HS Orku fer töluverður hluti til Norðurlás á Grundartanga

og því var stórskemmtilegt að fá að kynna framleiðsluferlinu.

Hóparnir snæddu svo vel útilátinn kvöldverð á Fjörukránni í Hafnarfirði og er það trú undirritaðrar að ferðin hafi heppnast vel og að nemendur hafi lært eitthvað nýtt sem nýtist þeim í námi sínu við Stóriðjuskólann, sem og í störfum sínum hjá Norðurali.

Steinunn Kristín Pétursdóttir



Í Orkuvirki 1 datt mönnum í hug að hlíðarbúgrein HS Orku væri bjórframleiðsla

Sudoku

	1			2	4			
4			3					
2				7			9	
	9			8	1			6
		3			5	1		
1			2					8
	8		4					9
					8			1
		1	6				3	

Erfið

	7			8				9
		9		3				6
1				6				5
7		5	2				8	
	6			9	7		1	
	2				8	4		7
3				1				8
6				2		7		
4				7			9	

Miðlungs

5	2		3					1	6
			1			7			5
6			8		5	2			
	8					1	7		
1	5			4				2	9
		9	5	3					8
		8	4		2				1
	1		6				5		
9	4				3			7	2

Auðveld

Mælitæki til ástandsgreininga

Norðurál hefur fest kaup á mælitæki sem metur ástand framleiðslubúnaðar með titringsmælingum. Tækið var keypt af SKF í Danmörku og við þá gerður samningur um að hýsa mæligögnin, greina ástand búnaðar og vera Norðuráli til ráðgjafar við að meta niðurstöður greininga.

Með tækinu er hægt að finna skemmdir í legum, bilanir í rafmagnstengingum, skemmdir í gírurum, vélarlos og fleira, löngu áður en það kemur til bilunar. Tækið er einnig hægt nota til að jafnvægisstillast blásarahjól og annan búnað af því tagi. Stig Z. Jonsson tækimaður hjá SKF hefur umsjón með samningnum við Norðurál. Hann kom til Íslands í byrjun desember á síðast ári og hélt námskeið í notkun tækisins.

Námskeiðið skiptist í tvo hluta, í fyrsta lagi grunnþjálfun fyrir þá sem koma til með að sinna mælingum og í öðru lagi þjálfun fyrir þá sem hafa umsjón með tækinu, setja upp mælipunkta, mælirútur og greina tíðniróf. Ásgeir Sævarsson áreiðanleikafræðingur er lykilmáður í þessu verkefni fyrir Norðurál. Hann verður okkar helsti sérfræðingur í notkun tækisins og sér um samskipti við Stig í Danmörku.

Vinna við mælingar er farin af stað, búið er að mæla búnað í þurrhreinistöðvum og stórar loftþjöppur ásamt fleiru með góðum árangri. Við væntum mikils af notkun þessa tækis en tilgangurinn er að finna veikleika sem munu, ef ekkert er að gert, þróast og valda truflum í rekstri og jafnvel bilun.

Ásmundur Jónsson.



SKF
Microlog
Analyse
GX series
CMXA75

Þegar uppgjöfin ber að dyrum, EKKI svara

Það er eitt sem þú getur verið viss um þegar þú hefst handa við að breyta um lífsstíl, það er að hugsunin um uppgjöf kemur upp í huga þinn.

Hugsunin um hvort þessi vinna sé þess virði er eðlileg, enda ertu að breyta um rúttínu og það er ekki auðvelt fyrir alla.

Það er á þessum tímupunkti sem mjög margir gefast upp og hverfa aftur til gömlu vanana, en einmitt þá þarftu að spyrja sjálfa/n þig: „Af hverju tók ég upphaflega þá ákvörðun að breyta um lífsstíl.“

Að stunda forvarnarvinnu á sjálfum sér er partur af agaeflingu og það að geta rætt við sjálfan sig er mjög mikilvægt. Þar færðu réttu svörin.

EKKI GEFAST UPP!

Farðu frekar hægar í sakirnar hafirðu farið of geyst til að byrja með. Skjaldbökur komast leiða sinna líkt og blettatígur. Þolinmæði þrautir vinnur allar því góðir, varanlegir hlutir gerast hægt.

Settu þér markmið mánaðarlega, því það er auðveldara að missa 3 kg á einum mánuði heldur en 35 kg á einu ári.

Hér fyrir neðan koma nokkrir punktar fyrir ykkur sem viljið fara hægt en bitandi í sakirnar:

Drekktu vatn fyrir hverja máltíð. Forðastu gos nema á tyllidögum. Eingöngu með því að bæta einni ½ lítra kók við mataræðið á dag þyngist meðalmaður um 7-9 kg á ári.

Boðaðu morgunmat á hverjum degi.

Hreyfðu þig duglega í hálf tíma á dag. Bættu svo mínútum við tímann í hverri viku.

Boðaðu á 4 tíma fresti, lítið í einu. Þannig tryggirðu að blóðsykurinn haldist í jafnvægi, brennslan sömuleiðis og ótímabært „ofhungur“ heyrir sögunni til.

Vígtaðu þig vikulega og fagnaðu hverju kíló sem hverfur og vertu dugleg/ur að þessa sjálfa/n þig upp og hrósa.

Að lokum vil ég benda á einfalda formúlu þar sem þú getur reiknað út æskilega kjörþyngd. Hver sem er getur stuðst við Body Mass Index (BMI).

Hann reiknast svona:

-Neðri mörk kjörþyngdar = $(18,5 * hæð * hæð)$

-Efri mörk kjörþyngdar = $(24,9 * hæð * hæð)$

Sverrir Björn Þráinsson grenningarráðgjafi

Göngum til góðs!

Laugardaginn
6. október
Lefnir Rauði
krossinn á Íslandi til



Rauði krossinn

landssöfnunarinnar Göngum til góðs. Markmið átaksins er að ganga í öll hús á Íslandi og safna framlögum til alþjóðlegs hjálparstarfs félagsins í þágu barna og ungmenna í neyð. Rauði krossinn

á Akranesi ætlar ekki að láta sitt eftir liggja og þarf að virkja að minnsta kosti 160 sjálfbodaliða til að ganga í hús á Akranesi og Hvalfjarðarsveit. Við skorum á starfsfólk Norðuráls að bregðast við kalli og skrá sig til þátttöku á vef Rauða krossins

www.redcross.is eða mæta á söfnunarstöð Rauða krossins á Akranesi, Skólbraut 25a, þann 6. október Göngutúrin þarf ekki að taka meira en um klukkutíma.

Að göngu lokinni er boðið í kaffi/kakó og vöffullur í Rauða kross húsinu, Skólbraut 25a.

Kær kveðja frá Rauða krossinum á Akranesi.

Lausn við gátunni um kaffibollana

Mál, glas, bikar, skál, bolli, krús, kanna, fantur, drekka, kolla, stauþ, horn, dolla og baukur